

REXAIR selur Rainbow aðeins viðurkenndum og sjálfstætt starfandi dreifingaraðilum sem hafa reynslu af sölu í heimahúsum. Þar sem Rexair markaðssetur ekki vörur sínar með auglýsingaherferðum á landsvísu verður varan þekkt fyrir atbeina þúsunda "sölumanna" sem hafa skapað eftirspurn og áhuga með sýningum á Rainbow ryksugunni í heimahúsum hver í sínu byggðarlagi. Þeir óháðu skrásettu dreifingaraðilar, sem þessir sölumenn tengjast, bera ábyrgð á löglegri og rétttri dreifingu og þjónustu á Rainbow ryksugunum beint með milligöngu eigin sölumanna eða óbeint með því að hafa óháða undirverktaka.

Rexair gerir ennfremur kröfur til þess að sérhver dreifingaraðili veiti góða og lipra viðhalds- og eftirlitsþjónustu af eigin hendi eða hjá áreiðanlegum sjálfstæðum þjónustufyrirtækjum á þeim svæðum þar sem hann selur Rexair vörur í gegnum áháða undirverktaka og sölumenn.

Ekki glata nafni og heimilisfangi þess sölumanns eða dreifingaraðila sem seldi yður Rainbow tækið. Hafið samband við hann til að fá ráðleggingar um meðferð Rainbow tækisins, ábyrgð, þjónustu og staðsetningu næsta viðgerðaverkstæðis.

Rexair vandar vel valið á dreifingaraðilunum sem eru beinir viðskiptamenn fyrirtækisins. Aftur á móti hefur Rexair engan samning né lagalegt samband við þá óháðu endursöluaðila sem fá varninginn beint eða óbeint hjá dreifingaraðilum og getur Rexair eingöngu aðstoðað viðskiptamenn með milligöngu dreifingaraðila. Það er grunnvallarregla Rexair að sérhver dreifingaraðili beri ábyrgð á því að bæta úr kvörtunum, sem berast kunna frá viðskiptavinum vegna fullyrðinga eða framferði óháðra endursöluaðila.

Hafið þér vandamál eða spurningar varðandi ofangreint skuluð þér fyrst hafa samband við þann dreifingaraðila eða sölumann sem seldi yður Rainbow tækið. Eigið þér í erfiðleikum með að finna þann aðila, skuluð þér hafa samband við þjónustudeild Rexair á neðanskráðu heimilisfangi, munið að geta raðnúmers Rainbow tækisins yðar. Þeir munu strax senda yður nafn, heimilisfang og símanúmer ábyrgs dreifingaraðila á yðar svæði. Ef yður finnst þér ekki fá tilhlýðilega aðstoð hjá dreifingaraðilanum skuluð þér hafa samband við okkur strax. Allir dreifingaraðilar okkar gera sér grein fyrir skyldum sínum.

Ef óskað er frekari upplýsinga ber að skrifa:

Rexair, 50 W. Big Beaver Road, Suite 350, Troy, Michigan 48084 U.S.A., sími (248) 643-7222 eða bréfsími (248) 643-7676. Þér getið heimsótt vefsíðu Rexair á:

www.RainbowSystem.com

Rexair veitir skrásettum dreifingaraðilum sínum, og einungis þeim, skriflega fjögurra ára ábyrgð á orkustútnum frá fyrirtækinu. Ábyrgðin nær ekki til venjulegs slits sem hlýst af notkun orkustútsins. Jafnvel þótt Rexair hafi ekki, sem framleiðandi, bein samskipti við viðskiptavini eða ábyrgist vöruna skriflega leggja lögin tiltekna skyldur á herðar allra framleiðenda sem senda frá sér vörur á neytendamarkað. Vöurnar séu ógallaðar og standa almennt undir því sem þeim er ætlað. Rexair viðurkennir þessa almennt viðteknu ábyrgð á því að vörur séu söluhæfar. Ennfremur krefst Rexair þess að sérhver viðurkenndur dreifingaraðili veiti neytandanum samskonar ábyrgð og Rexair gagnvart dreifingaraðilanum.

Rexair selur Rainbow til viðurkenndra dreifingaraðila í endursölu og fer sú sala fram eingöngu með kynningum í heimahúsum. Öll önnur sala er óheimil. Um vöru sem keypt er eftir öðrum leiðum gildir engin ábyrgð.

Teppabankari **Handbók Eiganda**

**Teppabankari
Handbók Eiganda
e SERIES**

**Vinsamlegast lesið
allar leiðbeiningar
vandlega fyrir
notkun.**


EFNISYFIRLIT

Mikilvægar Öryggisráðstafanir.....	2
Notkun á Teppabankaranum	3
Aflbarkinn	4
Skipt um Slitna Drifreim.....	5
Listi yfir Möguleg Vandamál og Lausnir.....	6
Skilaboð frá Rexair / Ábyrgð.....	Baksíða

VIÐHALDS- OG EFTIRLITSNÚMER NOTANDA

Einn þátturinn í viðhalds- og eftirlitsáætlun Rexair felst í því að sérhver nýr Rainbow teppabankari fær raðnúmer eftir að hafa staðist gæðaeftirlit í verksmiðjunni. Raðnúmer veitir yður eftirfarandi:

1. Sönnun á eignarétti yðar;
2. Ábyrgðarskírteini gagnvart dreifingaraðila yðar;
3. Staðfestingu á því að tækið hafi staðist gæðaeftirlit;
4. Staðfestingu á því að tækið hafi komið "nýtt úr verksmiðju".



Yður til verndar ber að athuga að fyrir hendi sé raðnúmer á viðkomandi stað á Rainbow Teppabankaranum, eins og sýnt er á myndinni. Engan nýjan Rainbow Teppabankara á að selja án þessa númers. Vanti raðnúmer ber Rexair enga ábyrgð á uppruna, aldri eða ásigkomulagi tækisins. Ef þér finnið ekki raðnúmer á Rainbow Teppabankaranum yðar ber yður að hafa samband við þjónustudeild fyrirtækisins í síma (248) 643-7222, bréfsíma (248) 643-7676, eða skrifið Rexair, 50 W. Big Beaver Road, Suite 350, Troy, Michigan 48084 U.S.A.

Yður til verndar ber að skrifa raðnúmerið í eyðuna hér að neðan.



Geymið þessar upplýsingar til athugunar í framtíðinni.

Heimsækið vefsíðu Rexair á: <http://www.RainbowSystem.com>

**Skrásettur Rainbow Dreifingaraðili Yðar
(Vinsamlegast Notið Prentstafi)**

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____

Undirskrift Söluaðila: _____

Raðnúmer: _____

Uppsetning Rainbow® hreinsikerfisins og heitin Rainbow®, RainbowMate® og Rexair® eru skrásett vörumerki Rexair, Troy, Michigan U.S.A.

VANDAMÁL	MÖGULEG ORSÖK	MÖGULEG LAUSN
Mótorinn keyrir ekki.	Ekki gripið í knýjarann.	Þarf að taka í knýjarann á handfangi aflbarkans.
	Rafmagnstengingin við stofn barkans ekki föst.	Festið rafmagnstenginguna við stofn barkans.
	Rafmagnstengingin við handfang barkans ekki föst.	Festið rafmagnstenginguna við handfang barkans.
	Sjálfvirki útsláttarrofinn hefur slegið út.	Slökkvið á Rainbow tækinu. Kveikið aftur eftir tvær sekúndur.
Mótorinn keyrir en burstavalsinn snýst ekki.	Slitin drifreim.	Takið úr sambandi; Fjarlægið botnplötuna; Gætið að burstinn snúist óhindraður; Skiptið um drifreim.
Burstavalsinn situr fast (hreyfist ekki með handafli).	Eitthvað situr fast í burstahólfinu.	Takið úr sambandi; Fjarlægið botnplötuna; Fjarlægið aðskotahlutinn; Gætið að burstavalsinn snúist.
	Slitin lega.	Látið dreifingaraðilann skipta um bursta og legu.
Teppabankarinn sýgur ekki vel upp.	Stífla í loftholi.	Takið úr sambandi; Fjarlægið botnplötuna; Rýmið allt loftholið; Gáið í gegnum núningsstúttinn til að staðfesta að enginn tálmi sé fyrir.
	Stíflað rör eða barki.	Takið úr sambandi; Fjarlægið hindrun; Tengjið við Rainbow tækið; Gætið þess að loft streymi óhindrað í gegnum barkann.
	Burstarnir ekki í snertingu við teppið.	Gætið þess að botnplatan sé föst í stöðu áður en þér læsið; Skiptið um bursta séu burstarnir slitnir og orðnir of stuttir.
	Skökk hæðarstilling.	Stillið hæð.

**LISTI YFIR
MÖGULEG
VANDAMÁL OG
LAUSNIR**

Þetta Rainbow tæki var prófað og skoðað vandlega í verksmiðjunni. Ef minni háttar vandamál kemur upp geta eftirfarandi lausnaraðferðir aðstoðað yður við að bera kennsl á vandamálið og ráða fram úr því með sem minnstri fyrirhöfn.


Dugi ofanskráðar lausnari ekki á að hafa samband við skráðan dreifingaraðila Rainbow.

SKIPT UM SLITNA DRIFREIM


ATH: Takið alltaf tækið úr sambandi fyrir viðgerð.

ATH: Hafið samband við dreifingaraðila Rainbow nálægt yður til að pantu nýja drifreim. Geymið nýju reimina í varareimarvasanum undir botnplötunni.


1 ATH: Takið alltaf tækið úr sambandi fyrir viðgerð. Snúið teppabankaranum á hvolf. Notið skrúfjárn með flötu blaði eða mynt til að snúa festingunni um einn fjórða úr hring til vinstri (rangsælis). Fjarlægjið botnplötuna með því að grípa í flípana.




2 Stingið fingri undir reimarhlífina nálægt burstavalsinum. Lyftið reimarhlífinni til að losa hana og snúið henni aftur að rörunu.




3 Til að fjarlægja burstavalsinn skal taka um báða enda hans og lyfta honum upp úr raufunum á bankarahúsinu. Fjarlægjið snjáðu eða slitnu reimina af burstavalsinum eða mótöröxlinum.




4 Smeygið nýju reiminni utan um reimhjólíð á burstavalsinum miðjum. Setjið burstavalsinn ofan á tækið þannig að vísiskorin sé sem næst varareimarvasanum og reimin hangi frá burstavalsinum næst mótöröxlinum. Setjið reimina utan um mótöröxulinn.




5 Þegar reimin er komin utan um mótöröxulinn og reimhjólíð á burstavalsinum miðjum, þá setjið báða enda burstavalsins á teinana sem eru á köntum Teppabankarans. Rennið burstavalsinum með báðum höndum eftir teinunum að tækinu framanverðu þar til endar hans eru komnir á sinn stað í raufunum. Snúið burstavalsinum með handafli þar til reimin kemst á miðju reimhjólsins á burstavalsinum.



6 Snúið reimarhlífinni að tækinu framanverðu og ýtið henni niður svo hún smelli í lás.



7 Komið botnplötunni fyrir á tækinu. Smellið brún botnplötunnar inn í tækið og snúið festingunni einn fjórða úr hring til hægri (réttisælis) þangað til hún "smellist."



VIÐVÖRUN:

TIL AÐ MINNKA HÆTTU Á ELDSVOÐA, RAFMAGNSLOSTI EÐA MEIÐSLUM:

- 1 Ávallt þarf að hafa náði eftirlit þegar börn nota rafmagnstæki eða eru viðstödd meðan á notkun stendur. Ekki leyfa börnum að nota Rainbow tækið eða Teppabankarann sem leikfang, aldrei keyra tækið umsjónarlaust.
- 2 Takið Rainbow tækið úr sambandi þegar það er ekki í notkun. Slökkið á tækinu með rofanum áður en það er tekið úr sambandi. Takið í klóna þegar tekið er úr sambandi svo þér skemmið ekki snúrana, klóna, málmendana á klónni né innstunguna. Ekki toga í né halda á snúrunni, nota snúrana sem handfang, loka hurð á snúrana, draga eða bera snúrana um hvasst horn. Ekki keyra tæki á snúrana. Haldið snúrunni frá hituðum svæðum. Ekki nota skaðaða snúru né rafkló.
- 3 Ekki fara frá tækinu meðan það er í sambandi. Takið Rainbow tækið úr sambandi þegar enginn hefur eftirlit með því og fyrir viðgerð.
- 4 Ekki reyna að keyra Rainbow tækið eða Teppabankarann ef tækið er í ólagi. Ef Rainbow tækið eða Teppabankarinn virkar ekki sem skyldi, eða ef tækið hefur dottið, skaðast, verið skilið eftir utanhúss eða fallið í vatn á að skila tækinu til dreifingaraðila Rainbow.
- 5 Ekki hreinsa tækið né rýma stíflaðan barka fyrr en slökkt er á Rainbow tækinu og það er tekið úr sambandi.
- 6 Ekki tengja tækið við innstungu í ljósastæði né nota framlengingarsnúru.
- 7 Til að forðast hættu á eldsvoða eða sprengingu skyldi ekki nota Teppabankarann á svæði þar sem fyrir er sprengi- eða eldfim gufa eða duft. Uppgufun kann að stafa frá hreinsilegi. Svæði þar sem eldfim hreinsilegir hafa verið notaðir verða að vera alveg þurr og viðruð áður en þau verða ryksuguð. Ekki nota Rainbow tækið né Teppabankarann til að hreinsa stíflað frárennslisrör. Sé gufa úr ræsi sogin upp í Rainbow getur sprenging leitt af því.
- 8 Aldrei koma við vask eða vatnsleiðslu úr málmí með annarri hendinni meðan hin höndin er í snertingu við málmshluta á rafmagnstæki, ljósastæði eða rofa. Rafstraumur getur myndast milli líkamans og jarðarinnar. Blaut húð eykir hættuna stórlega. Ekki handfjatla reftengil né tæki blautum höndum.
- 9 (a) Ekki stinga hlutum inn í op á tækinu. Ekki nota sé nokkuð fyrir opum; haldið opunum lausum við ryk, ló, hár eða annað efni sem gæti hindrað loftstrauminn; (b) Haldið hári, flaksandi klæðnaði, fingrum og öðrum líkamshlutum frá opum og hreyfandi hlutum tækisins; (c) Farið sérstaklega vandlega við hreinsun á stígum.
- 10 Snúru af Y gerð verður viðurkenndur dreifingaraðili Rainbow skipta um. Sé snúran skemmd, slökkið á Rainbow tækinu með slökkvaranum og takið úr sambandi.
- 11 Ekki sjúga upp brennandi eða rjúkandi hluti eins og vindlinga, eldspýtur eða heita ösku. Ekki nota til að sjúga upp sprengi- eða eldfiman vökva svo sem bensín, né á svæði þar sem slíkur vökvi getur verið fyrir.
- 12 Tækið er búið tvöfaldri einangrun. Notið eingöngu varahluti sem eru alveg eins og upprunalegu hlutirnir. Sjáið leiðbeiningar fyrir þjónustun á raftækjum með tvöfaldri einangrun í eigindahandbók Rainbow.
- 13 Teppabankarinn er búinn kröftugum snúningsbursta. Til að forðast meiðsl ber að gæta þess að Teppabankarinn komist ekki í snertingu við né nærri flaksandi klæðnaði, djásni, hári né yfirborði líkamans. Teppabankarinn varnar EKKI líkamsmeiðslum eða skemmdum á hlutum sem komast í snertingu við snúningsburstann.
- 14 **VIÐVÖRUN: Í þessari slöngu eru rafmagnsvírar. Til að minnka hættu á raflosti: Setjið ekki í vatn. Notið ekki eða lagið skemmda slöngu. Notið aðeins á teppi sem er rakt eftir þrif.**
- 15 **ÁRIÐANDI:** Aflbarkinn inniheldur rafleiðslur og þarf að athuga reglulega. Ekki nota barkann sé hann skemmdur, skorinn eða götöttur. Forðist að sjúga upp hvassa hluti. Ekki nota til að sjúga upp vatn. Ekki dýfa tækinu í vatn þegar það er hreinsað. Slökkið ávallt á tækinu áður en þér tengið barkann eða vélstútin við tækið eða aftengið frá tækinu.

MIKILVÆGAR ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Vinsamlegast lesið allar leiðbeiningar vandlega fyrir notkun. Notið Rainbow tækið einungis til tilætlaðrar notkunar samkvæmt leiðbeiningum. Notkun á annars konar fylgihlutum en Rexair viðurkennir getur verið hættuleg.

FARIÐ ÁVALLT EFTIR ÞESSUM MIKILVÆGU ÖRYGGISRÁÐSTÖFUNUM.

GEYMIÐ ÞESSAR LEIÐBEININGAR


AÐEINS TIL HEIMILISNOTA

NOTKUN Á TEPPABANKARANUM

Notið teppabankarann og RainbowMate aðeins á þurrt efni. Til að minnka hættu á raflosti, notið teppabankarann og RainbowMate ALDREI til að sjúga upp vatn eða aðra vökva.

SAMSETNING:

- 1 Tengjið rörið við hreyfanlega tengistútinn á bankaranum.
- 2 Setjið rafmagnssnúruna í raufarnar á beina rörinu og þrýstið henni inn með þumalfingrinum.
- 3 Skiljið eftir smá slaka í snúrunni neðst á beina rörinu (og snúningsarminum) svo hægt sé að lyfta handfanginu.




- 1 Knýjari
- 2 Rafmagnssnúra
- 3 Beint rör
- 4 Rafmagnssnúruraufar
- 5 Snúningsstútur
- 6 Aflbarkinn

1 TIL AÐ NOTA TEPPABANKARANN:

Haldið á Teppabankaranum. Þrýstið knýjarann (sjáið bls. 4) og leiðið Teppabankarann fram og tilbaka með léttum, jöfnum hreyfingum. Látið Teppabankarann og Rainbow hreinsivélina vinna fyrir yður.

Stillið Hæð Teppabankarans:

Teppabankarinn er búinn hæðarstilli með þremur stillingum til að henta nær því hvaða teppi sem er. HÆÐIN stillist með því að snúa þumalshjólinu á tækinu ofanverðu að æskulegri stillingu af þeim þremur sem boðið er upp á.




LÆGSTA STILLINGIN: Hæfir flestum teppum og gólfmottum.

MEÐALSTILLINGIN: Hæfir þykkum teppum þar sem Teppabankarinn gæti hindrast.


HÆSTA STILLINGIN: Hæfir sérstaklega þykkum teppum og sérstakri notkun.

2 TIL AÐ LOKA RÖRI TEPPABANKARANS Í UPPRÉTTI STÖÐU:


Til að loka röri teppabankarans í upprétti stöðu skal stíga vinstri fæti ofan á teppabankarann. Takið um beint rör teppabankarans og ýtið því fram á við þar til það smellur inn í lokunarhökinn. Til að losa um rörið á ný skyldi fara sömu leið aftur á bak.




1 TIL AÐ TENGJA RÖR TEPPABANKARANS VIÐ HANDFANGIÐ Á AFLBARKANUM: Smeygið stutta rörinu á handfangi Rainbow tækisins inn í langa málmrörið á Teppabankaranum. Berið smellulásinn á stutta rörinu að raufinni á röri Teppabankarans. Smeygið smellunni inn í raufina til að læsa. Tengingin er föst þegar smellur í lás.




2 RAFMAGNSTENGINN: Haldið fast á barkanum (ekki halda knýjarann á handfangi Rainbow tækisins) og tengið aflbarka Teppabankarans við innstunguna á handfangi Rainbow tækisins neðanverðu.




3 TIL AÐ TENGJA AFLBARKANN VIÐ AFLGJAFANN: Tengjið aflbarkann við loftinntaksopið á aflgjafanum framanverðum. Stingið tengiliðnum inn í loftinntaksopið, opnið opslokið með því að lyfta því með efsta hluta barkatengisins, þrýstið tengiliðnum inn í vélna þangað til báðar smellur smella í stöðu. Þá myndast raftenging við vélna.



4 TIL AÐ KVEIKJA Á TEPPABANKARANUM: Þegar allar rafmagnstengingar eru fastar má kveikja bæði á ryksugunni og mótordrífna Teppabankaranum með aðalrofanum á aflgjafanum. Aftur á móti gegnir aflgjafinn ekki því hlutverki að koma burstavalsi Teppabankarans í gang. Til að koma Teppabankaranum í gang þarf að taka í knýjarann á handfangi Rainbow tækisins. Til að losa aflbarkann frá aflgjafanum, þrýstið á hliðarsmellurnar og dragið barkann út úr loftinntaksopinu.



5 Þegar allar raftengingar eru rastar, þrýstið rofanum á Rainbow vélinni í "mikinn styrk" stillingu (>>) en þá kviknar bæði á Rainbow vélinni og mótordrífna teppabankaranum. Rofinn á handfangi aflbarkans virkar aðeins til að kveikja á teppabankaranum. Til að fjarlægja aflbarkann frá neðri hluta tækisins, þrýstið á hliðarsmellurnar og dragið barkann út úr loftinntaksopinu.



UPPLÝSINGAR UM VIÐHALD: VINSAMLEGAST LESIÐ MJÖG VANDLEGA.

Afköst þessa nýja hreinsara yðar eru mjög undir heimilisviðhaldi komin. Leiðbeiningar þær sem er að finna í þessum bæklingi munu aðstoða yður við framkvæmd á einföldum viðhaldsaðgerðum á heimilinu. Lesið þessar leiðbeiningar og hafa þær við höndina til athugunar í framtíðinni, þannig munuð þér njóta ánægjulegastrar þjónustu með árunum.

- Aldrei nota Rainbow tækið til að sjúga upp harða eða hvassa hluti. Hlutir eins og tituprjónar, hárnálar, teiknibólur, krítarlitir og blýantsstubbar geta skaðað burstavalsinn eða brotið drifreim.
- EKKI SMYRJA MÓTORINN. Mótorinn er smurður til frambúðar.
- Notið Teppabankarann aðeins á gólfteppi og/eða stórar gólfmottur.
- EKKI NOTA HANN Á BER GÓLF EÐA HARÐVIÐARGÓLF.
- Notið hann aðeins á þurra fleti. Ekki nota hann utandyra eða á blauta fleti.

AFLBARKINN

VIÐVÖRUN:

Í þessari slöngu eru rafmagnsvírar. Til að minnka hættu á raflosti: Setjið ekki í vatn. Notið ekki eða lagið skemmda slöngu. Notið aðeins á teppi sem er rakt eftir þrif.